

Alþingi  
Erindi nr. P 135/62  
komudagur 5.11.2007

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík


Reykjavík, 2. nóvember 2007

**Efni: Umsóga Neytendasamtakanna um frumvarp til laga um verslunaratvinnu, eigendasaga myndverks, 66. mál.**

Neytendasamtökin styðja lögfestingu þessa frumvarps enda er aukin vernd neytenda gegn því að kaupa fölsuð listaverk til bóta.

Neytendasamtökin vilja þó gera athugasemd við 2. gr. b. í frumvarpinu þar sem fram kemur að kaupandi uppboðsmunar geti ekki borið fyrir sig galla á honum, nema hann svari ekki til þess heitis er hann var auðkenndur með við sölu, seljandi eða uppboðsstjóri hafi haft svik í frammi eða almennt sé talið óheiðarlegt að skjóta sér undan ábyrgð. Þetta ákvæði er sambærilegt 3. mgr. 23. gr. gildandi laga um verslunarkaup nr. 28/1998. Í 2. mgr. 17. gr. laga um neytendakaup nr. 48/2003 er fjallað um sölu notaðra hluta á uppboði þegar neytandi hefur haft möguleika á að vera viðstaddur. Erfitt er að sjá hvernig þessar tvær greinar spila saman enda virðast heimildir til að gera kröfu vegna galla vera víðtækari skv. neytendakaupalögunum. Telja Neytendasamtökin eðlilegt að ákvæðið í frumvarpinu sem hér er til umsagnar verði fært til samræmis við neytendakaupalög.

Neytendasamtökin gera ekki aðrar athugasemdir við frumvarpið og styðja lögfestingu þess.

Virðingarfyllt,  
f.h. Neytendasamtakanna,  
  
Hildigunnur Hafsteinsdóttir